

STJÓRNARTÍÐINDI B 80 – 1996

11. nóvember 1996

1485

Nr. 578

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 504, 20. september 1995, um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 2. gr. er heimilt frá og með 13. nóvember 1996 til 15. janúar 1997 að stunda veiðar með fiskibotnvörpu, flotvörpu og línu á svæðinu norður af Horni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 11. nóvember 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.